

Ed.

186. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. málsg. 5. gr. laganna skal orða svo:

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

3. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og kys þá sameinað Alþingi einn mann til efri deildar.

4. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þings-ályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

- 1) fjárhagsnefnd,
- 2) samgöngumálanefnd,
- 3) landbúnaðarnefnd,
- 4) sjávarútvegsnefnd,
- 5) iðnaðarnefnd,
- 6) menntamálanefnd,
- 7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kys sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnuhragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd ihugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að ihuga einstök mál. Hver lausanefnd kys sér formann og ritara.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um.

Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísu má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

5. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáráukalaga.

6. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

7. gr.

Síðustu málsg. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr rikissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

8. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgrein 32. gr. laganna kemur: frá annarhvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

9. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú þykir forsetum koma í ljós við athugun á breytingum þeim á borða- og sætaskipun í deildunum, er fram verða að fara áður en reglulegt Alþingi 1934 kemur saman, að nauðsyn beri til, meðal annars vegna útvarps þingræðna, að setja upp ræðustóla í þingsölunum, og er forsetum þá heimilt að gera það, enda er þingmönnum þá heimilt að flytja ræður sínar þaðan.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928, um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.